

# EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurflugvelli



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	25.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Keflavíkurflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný Helgadóttir	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	Staðsetning	322.019 393.230

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram er varðar þrýstiprófun og þykktarmælingar á lögnum. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Olíubirgðastöð EBK ehf. er samtengd olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Helguvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir þrýstiprófunum lagnarinnar frá tengibrunni við Fuel West og inn í stöð. Olíubirgðastöðin er líka samtengd EAK ehf. (eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli) með „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á flughlaði fyrir eldsneytisafgreiðslu á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en rekstraraðili sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir á henni.

Fimm geymar eru í stöðinni. Geymar 1, 2 voru botnþykktarmældir í janúar 2015 og geymir 3 í desember 2014. Kemur fram í skýrslu HB Tæknipjónustu að ástand þeirra sé gott. Næsta mæling er því árið 2024. Geymir 4 er neðanjarðargeymir fyrir díselolíu og er hann ekki í notkun. Ekki er gert ráð fyrir því að hann verði notaður frekar og búið er að aftengja hann og stendur hann tómur, í steyptri þró. Geymir 5 er lítill úrgangsolíugeymir, voru geymar 4 og 5 botnþykktarmældir árið 2011. Þá skal mæla næst árið 2021.

Neðanjarðarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2011 og lagnir innan þróar sem liggja ofanjarðar voru þykktarmældar árið eftir. Skv. gr. 3.2 skal þrýstiprófa neðanjarðarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti. Í 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi kemur fram að á fimm ára fresti skuli þrýstiprófa olíulagnir á landi. Komið er fram yfir þann tíma fyrir lögn frá Helguvík nr. 10 og 11, að filterum, en hún var síðast þrýstiprófuð árið 2011. Lögnina hefði átt að prófa árið 2016 en prófunin hefur enn ekki farið fram. Inndælingarlögn frá filterum að geymslum, nr. 12 - 16, sem og afgreiðslulögn nr. 51 – 59 eru þykktarmældar í stað þrýstiprófunar. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir þykktarmælingu í stað þrýstiprófunar á ofanjarðarlögnum þar sem erfitt er að þrýstiprófa þær. Þessar lagnir átti að þykktarmæla árið 2017 en voru þær síðast mældar árið 2012. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Fráviki sem kom fram í síðasta eftirliti vegna þrýstiprófunar á þremur lögnum er lokið.

Frárennsli stöðvarinnar fer í gegnum olíuskilju og eru gerðar mælingar árlega með "oil test paper" nr. 907 60 frá Macherey – Nagel olíuprófi. Síðasta mæling var gerð 21. maí sl. og greindust engar olíuleifar á prófinu. Olíuskiljur eru skoðaðar daglega og tæmdar eftir þörfum af Hreinsitækni. Kvittanir fyrir þeirri losun voru ekki aðgengilegar á staðnum en rekstraraðili sendir afrit kvittanna til eftirlitsaðila. Ísogsefni eru staðsett í bílum tengdri starfseminni, í dæluhúsi og sýnatökuherbergi. Allur olíublautur úrgangur er sendur til brennslu í Kólku. Til stendur að fara að flokka allan úrgang í stöðinni.

Starfsleyfið var aðgengilegt eftirlitsaðila í aðstöðuhúsi, sem og afstöðumynd, flæðirit og

verklaagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis. Allar áætlanir s.s. viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og umhverfisstefna eru í endurskoðun. Rekstrarhandbók var aðgengileg á staðnum og skráningar í lagi. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Búið er að ráða þjálfara til að sinna þjálfun starfsfólks og farið var yfir skema sem sýnir þjálfunarferlið en verið er að leggja lokahönd á það. Tekin verður æfing með ISAVIA í haust þar sem sett verður upp neyðarstöðvun á Hydrantlögninni.

Gengið var um stöðina og inn í lekavarnarþró. Búið er að lagfæra þróna en fram kom frávik í síðasta eftirliti þar sem sprungur höfðu myndast í þrónni og uppfyllti hún því ekki þær kröfur um að vera lekaheld. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snýrtilæg að sjá.

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja né rekstraraðila vegna starfseminnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Þrýstiprófa skal neðanjarðarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti. Lögn frá Helguvík nr. 10 og 11, að filterum, var síðast þrýstiprófuð árið 2011. Lögnina hefði átt að prófa árið 2016 en prófunin hefur enn ekki farið fram. Inndælingarlögn frá filterum að geymslum, nr. 12 - 16, sem og afgreiðslulögn nr. 51 – 59 átti að þykktarmæla árið 2017 og hefur sú mæling ekki farið fram.

#### ATHUGASEMDIR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

#### ANNAÐ

Til stendur að reisa nýjan geymi við stöðina og stækka lekavarnarþróna í kringum hann til vesturs. Minnt var á að sækja þarf um nýtt starfsleyfi vegna stækkunarinnar til Umhverfisstofnunar með góðum fyrirvara, að lágmarki 8-12 mánuðum.

Nýr búnaður til þrýstiprófnunar, ATMOS hefur verið tekinn til notkunar og er fyrirhugað að lagnirnar verði þrýstiprófaðar með þeim búnaði annan hvern mánuð til að byrja með og síðan eftir þörfum. Búnaðurinn er í eigu ISAVIA.

Nýr stöðvarstjóri og gæða- og öryggisstjóri hafa tekið til starfa frá því síðasta eftirlit fór fram. Viðstaddir eftirlitið voru einnig Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Hallfreður Símonarson frá EBK.

Reykjavík, 30.05.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir